

## Minnisblað: Forvarnar- og viðbragðsáætlun vegna eineltis, kynbundinnar áreitni, kynferðislegrar áreitni og ofbeldis á vinnustað (EKKO)

**Málsaðili** : Múlaþing  
**Tengiliður** :  
**Dagsetning** : 05.09.2022  
**Númer** : 202209024  
**Flokkur** : 00.8.0 Almennt um mannauðsmál

**Efni** :  
Forvarnar-og viðbragðsáætlun Múlaþings vegna "EKKO" hefur verið í vinnslu síðastliðna mánuði. Hingað til hefur verið farið eftir samþykktri aðgerðaráætlun frá Fljótsdalshéraði frá árinu 2018. Forvarnar-og viðbragðsáætlun þessi var unnin í samstarfi við Aron Thorarensen lögfræðing og persónuverndarfulltrúa Múlaþings, auk þess voru fengnar athugasemdir frá sviðsstjórum og vinnuhóp sem settur var saman af verkefnastjóra mannauðs. Skv. mannauðsstefnu Múlaþings leggur sveitarfélagið mikla áherslu á vellíðan starfsfólks og skal vinnustaðurinn vera laus við hvers kyns ofbeldi. Með þessari forvarnar-og viðbragðsáætlun eru komnar skýrar leiðbeiningar hvernig sveitarfélagið ætlar að taka á slíkum málum, og hvernig við ætlum að vinna að forvörnum til að draga úr líkum á slíkri hegðun á vinnustað. Þá fjallar áætlunin um það hvernig starfsfólk getur upplýst um einelti, áreitni og ofbeldi og hverjar skyldur og ábyrgð stjórnenda og starfsfólks eru á vinnustað.

Í jafnréttisáætlun Múlaþings frá 2021, nánar tiltekið kafla 3.4 um ofbeldi og áreitni, er eitt markmiðanna að móta forvarnar-og viðbragðsáætlun við hvers kyns ofbeldi, sem nú er hér kynnt. En áætlunin er síðan endurskoðuð reglulega samhliða jafnréttisáætlun.

Virðingarfyllt  
Sigrún Hólm Þórleifsdóttir  
verkefnastjóri mannauðs